

Skólanámskrá 9. bekkjar haustið 2011

Námsgrein: Íslenska

Námshópur 9. bekkur

Fjöldi kennslustunda á viku: 5

Markmið

Bókmenntir og lestur

Stefnt er að því að nemandi:

fái tækifæri til að lesa sér til ánægju og afþreyingar t.d. skáldsögu að eigin vali þjálfri leshraða og lesskilning

geti skynjað boðskap og markmið texta

átti sig á mismunandi aðferðum lestrar s.s. hraðlestri, nákvæmnislestri og yfirlitslestri

fái þjálfun í að nota orðabók og handbækur

geti lesið á gagnrýninn hátt og myndað sér skoðun á því sem hann hefur lesið

kynnist heimi Íslendingasagna með því að lesa og ræða um eina Íslendingasögu í fullri lengd

lesi og fjalli um ljóð og noti til þess hugtök á borð við persónugerving, myndhverfing, bein mynd, hugblær, ljóðmælandi o.fl.

geti fjallað um skáldsögur og notað til þess hugtökin tími, umhverfi, sjónarhorn, boðskapur og persónusköpun

Talað mál, lestur og framsögn

Stefnt er að því að nemandi:

tileinki sér skýran framburð

þjálfist í að taka þátt í samræðum í litlum hópum um tiltekin málefni

geti sagt skipulega frá eigin reynslu og upplifun t.d. eftir lestur bóka

geti gert grein fyrir skoðunum sínum og rökstutt þær

Málfræði

Stefnt er að því að nemandi:

fái ríkuleg tækifæri til að leika sér með tungumálið á fjölbreyttan hátt t.d. með myndagátumkrossgátum og þrautum

átti sig á því hvernig orðum er skipt í fallorð, sagnorð og óbeygjanleg orð eftir merkingarlegum og beygingarlegum einkennum

þekki helstu beygingaratriði fallorða og sagnorða

þekki mun á beinni og óbeinn ræðu og skilji merkingarmun á framsöguhætti og

viðtengingarhætti í því samhengi

skilji merkingarlegan mun á háttum sagna

geti notað handbækur og orðabók sér til stuðnings í námi

þekki hugtökin víðtækur og sértækur, huglægur og hlutlægur og viti hvað gildishlaðin orð eru

kannist við helstu hugtök í tengslum við orðmyndun s.s. stofn, forskeyti, viðskeyti og

beygingarendingu

geti skýrt mun á orðtaki og málshætti

öðlist áhuga á að vanda mál sitt

Ritun

Stefnt er að því að nemandi:

kannist við allar helstu stafsetningarreglur og geti beitt þeim

geti nýtt sér útskýringar í orðabókum og kennslubókum

geti gengið rétt frá eigin texta með tilliti til stafsetningar, uppbyggingar og skiptingu í málsgreinar og efnisgreinar

þjálfist í að skrifa texta í mismunandi stíl s.s. sendibréf, persónulýsingu og frétt geti skrifað ritdóm

þjálfist í ritun í tengslum við lesna bókmenntatexta
fái uppbyggjandi gagnrýni á eigin texta og vinni með hana
sé vel meðvitaður um mun á töluðu máli og rituðu máli
geti nýtt sér tölvu við ritun og ritvinnslu

Námsefni

Gullvör II, Málfinnur, Englar alheimsins, smásaga, Sagnorð, Orðhákur 2, ýmis ritunarverkefni frá kennara.

Kennsluaðferðir

Innlagnir kennara, einstaklings- og hópverkefni, umræður og skriflegar æfingar.

Námsmat

Próf, verkefni í bókmenntum og ritun, ástundun.

Skólanámskrá stærðfræði 9. bekkur

Kennslustundir á viku: 5

Markmið að nemandi:

þjálfist í lausnaleit, talnameðferð og rök hugsun og geti rökstutt niðurstöður sínar.

þekki hugtökin sniðmengi, sammengi, stak, hlutmengi og mengi.

þjálfist í að nota skilgreiningar og hugtök sem koma fyrir í námsefninu.

temji sér skipulögð vinnubrögð.

æfist í að nota jöfnur til að leysa þrautir og noti þær sér til aðstoðar við lausnar á orðadæmum.

læri að þekkja og geti unnið með veldareglur í ólíkum reikniaðgerðum.

venjist því að velja á milli þess að reikna í huganum, setja upp á blað eða með reiknivél allt eftir eðli dæmisins.

þekki mun á stæðum og jöfnum.

öðlist færni í prósentureikningi þar sem unnið er með heild, hluta og prósentu.

tileinki sér liðun og þáttun, sem einnig er notað til einföldunar og styttingar.

geti reiknað flatarmál, yfirborðsflatarmál og rúmmál hluta.

þekki hugtök tölfræðinnar, t.d. tíðni, miðgildi og meðaltal.

geti unnið með og lesið úr tölulegum gögnum, ritum og tíðnitöflum.

geti samnefnt brot, áttað sig á stærð brotanna í ákveðnu samhengi, beitt mismunandi reikniaðferðum, stytt og skrifað sem tugabrot og prósentu.

Námsþættir

Tölur

Rými

Algebra

Jöfnur og gröf

Talnameðferð

Rökfræði og mengi

Almenn brot

Námsgögn

Átta-tíu 3

Kennslutilhögun

Innlagnir frá kennara, umræður, hópavinna og sjálfstæð vinnubrögð.

Námsmat

Vinnueinkunn byggist á ástundun, vinnusemi og frágangi. Auk þess eru tekin kaflapróf sem unnin eru bæði í tímum og heima.

Prófeinkunn er einkunn sem nemandi hlaut á jólaþrófi sem er úr öllu námsefni annarinnar.

Skólanámskrá enska 9. bekkur

Kennslustundir á viku: 4

Markmið að nemandi:

Lesi sér til skemmtunar og upplýsingaöflunar.

Geti tjáð sig með réttum áherslum á eðlilegu og skýru máli.

Geti óundirbúið tekið þátt í samræðum og geti bjargað sér við algengar aðstæður daglegs lífs.

Geti tjáð sig um það sem hann hefur horft á, lesið eða heyrt um.

Geti fylgt leiðbeiningum og atburðarrás.

Hafi náð góðu valdi á ritun, þ.e. setningaskipan, uppröðun efnisgreina, greinarmerkjasetningu o.fl.

Kynnist ólíkum ritunarstílum og kunni að haga orðum sínum í samræði við aðstæður.

Temji sér notkun orðabóka.

Nýti sér reglur málfræðinnar í töluðu máli og ritun.

Temji sér skipulögð vinnubrögð.

Námsþættir

-Bókmenntir/Lestur

-Málfræði

Óreglulegar sagnir.

Samsett nútíð.

Framtíðar form.

Samsett þátíð.

Einföld núliðin tíð.

Einföld þáliðin tíð.

Skilyrðissetningar.

Bein og óbein ræða.

Þolmynd.

Forsetningar

-Hlustun/Frásögn

Námsgögn

Matrix Pre-Intermediate, lesbók og vinnubók.

Skáldsagan The Accidental Tourist e. Anne Tyler.

Write right

Kvikmynd

Ljósrit frá kennara

Kennslutilhögun

Innlagnir frá kennara í málfræði, glósur, umræður og lestur. Hugtakakortagerð í tengslum við kvikmynd og skáldsögu.

Námsmat

Vinnueinkunn byggist á ástundun, kaflaprófum, vinnu við skáldsögu og sagnaprófi. Prófeinkunn er einkunn sem nemandi hlýtur á jólaprófi og er úr öllu námsefni annarinnar.

Skólanámsskrá danska 9. bekkur

Hlustun

Að nemandi

- geti skilið aðalatriði venjulegs talmáls í samtölum og frásögnum þegar fjallað er um málefni úr daglegu lífi hans.
- skilji þegar talað er beint við hann um málefni sem hann þekkir og hefur fengist við.
- geti skilið í grófum dráttum aðalatriði í stuttum sérvöldum brotum úr sjónvarpsþáttum.
- skilji og geti farið eftir nákvæmum fyrirmælum, t.d. leiðbeiningum.

Lestur

Að nemandi

- geti fyrirhafnarlítið lesið stuttar greinar og léttar smásögur.
- geti fundið tiltekna upplýsingar, t.d. á netinu, í dagblöðum, bæklingum.
- geti lesið léttlestrarbækur sér til ánægju.

Talað mál - samskipti

Að nemandi

- geti spunnið hlutverkaleiki út frá mynd eða orðum.
- geti tjáð sig um einföld og fastmótuð verkefni sem þarfnast einfaldra og beinna tjáskipta.
- geti átt í einföldum orðaskiptum við aðra og haldið samræðum gangandi.
- geti tekið viðtal.
- geti endursagt stutta texta eða frásagnir með aðstoð minnismiða eða hugtakakorts.
- geti með einföldum hætti lýst útliti, persónuleika og lífnaðarháttum fólks.
- geti flutt stutta, undirbúna kynningu og svarað spurningum í kjölfarið.

Ritun

Að nemandi

- geti skrifað stuttan texta (80-100 orð) frá eigin brjósti og notað orðaforða sem hann hefur tileinkað sér.
- geti skrifað ritunartexta, einfaldar endursagnir og ljóð.
- geti skrifað einfaldan texta í nútíð og þátíð þar sem notaðar eru algengustu samtengingar, t.d. som, og, fordi, at.

Námsefni

Glimrende lesbók og verkefnabók, Ekko lesbók og verkefnabók, grammatik málfræðibók og – hefti, ýmsar sögubækur, spil, ýmis verkefni frá kennara.

Kennsluaðferðir

Innlagnir kennara, umræður, paravinna, hópverkefni, skriflegar æfingar, kynningar og leikræn tjáning

Námsmat:

Próf, leiðsagnarbók (logbog), símat, sjálfsmat og jafningjamat.

Námshópur: 9. bekkur

Námsgrein: Samfélagsfræði

Fjöldi kennslustunda á viku: 4

Markmið

Nemendur eiga

Að geta gert grein fyrir helstu þáttum í sögu Íslands á árunum 1550-1900. S.s. siðaskiptunum, konungsvaldinu, bændasamfélaginu, menningu og menntun og sjálfstæðisbaráttunni

Að kynnast helstu þáttum úr sögu heimsins á 20. öldinni. S.s. heimstyrjöldunum, kreppunni og tækniþróuninni

Að hafa kynnt sér ítarlega fréttir á Íslandi í eina viku og að geta sagt frá

Að hafa kynnst því hvernig það er að flytja fyrirlestur fyrir framan samnemendur sína

Kennsluaðferðir

Innlagnir frá kennara, einstaklings- og hópverkefni, umræður.

Námsefni

Sögueyjan 2. hefti, lesbók og vinnuhefti.

Styrjaldir og kreppa

Námsmat

Vinnueinkunn skiptist í: Þrjú kaflapróf, fréttavakt, fyrirlestur og ástundun.

Prófeinkunn er einkunn sem nemandi hlýtur á jólaþrófi.

Námsgrein: Stærðfræði

Námshópur: 9. bekkur

Fjöldi kennslustunda á viku: 3

Markmið

Stefnt er að því að nemandi

þekki helstu frumulíffæri og geti gert grein fyrir hlutverkum þeirra

þekki að frumur eru sérhæfar og að þær raða sér saman í líffæri og líffæri sem starfa saman mynda líffærakerfi

þekki hlutverk ýmissa næringarefna, hvers vegna við öndum og hvernig súrefni berst til frumna líkamans

þekki hvaða sjúkdómar geta herjað á meltingar- og öndunarfæri

þekki hvernig hjarta og blóðrásarkerfi starfar

þekki hlutverk ónæmiskerfis

þekki starf og hlutverk húðarinnar

þekki hlutverk vöðva, beinagrindar og liðamóta

kynnist því hvaða sjúkdómar geta haft áhrif á húð, vöðva- og hreyfikerfi

læri hvernig taugakerfið er uppbyggt í mannlíkamanum og hvernig það starfar

Námsefni

Mannslíkaminn, kennslumyndbönd.

Kennsluaðferðir

Kennsla fer að mestu fram í innlögn á nýjum efnisþáttum og vinnu nemenda á eftir, bæði einstaklingslega og í hópum. Umræður. Lögð er áhersla á sjálfstæð vinnubrögð og frumkvæði nemenda.

Námsmat

Nemendur taka fimm kaflapróf, vinna bækling og taka jólapróf. Auk þess er ástundun, virkni í tímum og heimanám metið til einkunnar.

Námsgrein: Íþróttir

Námshópur: 9.bekkur

Fjöldi kennslustunda á viku: 2

Markmið:

Skynþroski og hreyfiþroski

Stefnt er að því að nemandi

- viðhaldi skyn- og hreyfiþærni með tilliti til breyttrar líkamsbyggingar.
- þjálfist í samsettum hreyfingum eins og hliðarstökki yfir kistu og jafnvægisgöngu á bita.
- auki þærni sína og sérhæfingu í íþróttagrein eða annarri hreyfingu eftir vali og áhugasviði.
- fái nýja hreyfireynslu sem snýr að þátttöku í íþróttum eða hreyfingu, s.s. fjallgöngu og gömlum dönsnum.
- nái frekari tókum á undirstöðuatriðum vetraríþróttá, s.s. að renna sér á skautum, ísknattleiks, að renna sér á svigskíðum og skíðagöngu.
- fái tækifæri til að iðka íþróttagrein að eigin vali í styttri eða lengri tíma.
- fái fjölbreytta hreyfireynslu af íþróttum og heilsurækt utan sem innanhúss.

Líkamsþroski og fagurþroski

Stefnt er að því að nemandi

- þjálfist í æfingum og leikjum sem efla líkamspól, s.s. 2000 m hlaupi, hraðaleikjum og ratleikjum.
- þjálfist í æfingum sem efla kraft, s.s. styrkjandi og mótandi æfingum fyrir helstu vöðvahópa líkamans, handstöðu og klifri í köðlum, langstökki án atrennu.
- noti eigin líkamspunga til kraftþjálfunar ásamt léttum áhöldum og lóðum.
- þjálfist í æfingum sem efla hraða og viðbragð, s.s. æfingum sem stuðla að réttri beitingu mismunandi líkamshluta, leikjum af ýmsum toga ásamt 100 og 200 m hlaupi.
- þjálfist þrek sitt á leikrænan hátt með undirstöðuæfingum ýmissa íþróttagreina.
- beiti réttri tækni við vöðvateygjur og liðkandi æfingar.
- taki stöðluð próf til að meta eigin líkamshreysti, s.s. sérhæft þolpróf, 2000 m hlaup, langstökk án atrennu, liðleikapróf og val kennara á prófi.
- þjálfist enn frekar í að auðga hugmyndaflug, sköpunarmátt og tjáningu með fjölbreyttu hreyfinámi.

Félagsþroski, tilfinningaþroski og siðgæðisþroski

Stefnt er að því að nemandi

- þjálfist í að skipuleggja og taka þátt í samstarfsverkefnum s.s. gönguferðum og íþróttakappleikjum.

- taki þátt í hópverkefnum sem innihalda samvinnu af ýmsum toga, s.s. ratleikjum, hóp- eða liðakeppni.
- átti sig á því hvaða íþróttagrein eða heilsurækt henti sér best út frá getu og áhuga.
- fái hvatningu til frekari íþróttaiðkunar.
- fái upplýsingar og kynningu á möguleika til ástundunar íþróttar hjá íþróttafélögum í heimabyggð eða næsta nágrenni.

Vitsmunapróski

Stefnt er að því að nemandi

- öðlist víðtæka þekkingu á gildi heilbrigðra lífshátta, s.s. með tilliti til næringarþarfa og orkuþarfa.
- öðlist grunnþekkingu á nokkrum hugtökum þolþjálfunar, s.s. þjálfunarpúls, hvíldarpúls, hámarkspúls, loftháðri þolþjálfun og loftfirðri þolþjálfun,
- læri helstu reglur og átti sig á leikfræði helstu íþróttagreina.
- þjálfist í notkun ýmiss konar útbúnaðar og klæðnaðar vegna útivistar.

Kennsluaðferðir:

Bein kennsla, tilsögn og sýnikennsla.

Námsefni/Námsgögn:

Öll þau áhöld sem til eru í íþróttahúsinu.

Námsmat:

Þátttaka (mæting) og virkni í tímum (60%) og skráðar mælingar og símat : (40%)

Undir mælingar flokkast; - útihlaup (tímatökur), - færni í mismunandi íþróttagreinum og fleira. Undir símat flokkast: „Íþróttamannsleg framkoma í búningsklefa, við kennara og annað starfsfólk, innan vallar sem og utan hans. Einnig hvernig nemendur mæta tapi og sigrum og sýni hjálpsemi.

Skólanámskrá í sundi 9. bekkur

Fjöldi stunda á viku: 1

Markmið

Skynþroski og hreyfiþroski

Stefnt er að því að nemandi

- Viðhaldi sundfærni sinni með tilliti til breyttrar líkamsbyggingar.
- Kynnist og nái grundvallarfærni í ýmsum möguleikum sundíþróttum, s.s. flugsundi með og án hjálpartækja, skriðsundi og snúningum við bakka og baksundi og snúningum.
- Nái tókum á nákvæmri útfærslu í 75 m þrisundi; baksundi, bringusundi og skriðsundi.
- Nái tókum á nákvæmri útfærslu í 8 m kafsundi.
- Þjálfist enn frekar í fjölbreyttum samsettum hreyfingum arma og fóta með mismunandi útfærslu.
- Taki þátt í æfingum með áhöld sem efla slökun og líkamsvitund í vatni.
- Þjálfist í fatasundi eftir stungu af bakka og 50 m sundi, þar af 6-8 m kafsundi.
- Nemandi þarf að troða marvaða, afklæðast á sundi og synda til baka sömu vegalengd.

Líkamsþroski og fagurþroski

Stefnt er að því að nemandi

- Taki þátt í markvissri sundþjálfun sem líkams- og heilsurækt.

- Taki þátt í sundþjálfun til að synda ákveðnar vegalengdir innan ákveðinna tímamarka; 100 m bringusund þar sem tímalágmark er fyrir drengi: 2 mín. 20 sek. og stúlkur: 2 mín. 25 sek., 50 m skriðsund þar sem tímalágmark er fyrir drengi: 60,0 sek. og stúlkur: 62,0 sek., 25 m baksund þar sem tímalágmark er fyrir drengi: 32,0 sek. og stúlkur: 34,0 sek.
- Þjálfist í að geta synt 500 m viðstöðulaust með frjálsum aðferðum.

Félagsþroski, tilfinningaþroski og siðgæðisþroski

Stefnt er að því að nemandi

- Þjálfist í leikjum sem efla félagslega samvinnu.
- Þjálfist í verkefnum sem ná til hvatningar til áframhaldandi sundiðkunar.
- Átti sig á því hvaða íþrótt eða líkams- og heilsurækt henti sér best út frá getu og áhuga.

Vitsmunabroski

Stefnt er að því að nemandi

- Læri helstu reglur sundíþróttar sem hér á landi eru stundaðar.
- Þjálfist í að skipuleggja sundþjálfun fyrir eigin líkams- og heilsurækt.
- Taki þátt í umræðu um aflfræði og lögmál vatnsins til sundiðkunar og vellíðunar í vatni.
- Öðlist þekkingu á tengslum markvissrar þjálfunar og árangurs í sundi.

Námsefni/námsgögn

Öll áhöld sem til eru til sundiðkunnar.

Kennsluaðferðir

Verkleg kennsla, einstaklings-, para- og hópavinna notuð.

Námsmat

Sundstigin sem fylgja hverjum bekk eru notuð til viðmiðunar námsmats ásamt ástundun nemanda.

Námshæfni: Upplýsingatækni

Fjöldi kennslustunda á viku: 1

Markmið

Stefnt er að því að nemendur:

Geti leitað að tímaritsgreinum og dagblaðsgreinum

Kunni að afla heimilda; það felur í sér að nemendur geti flokkað og metið þær á gagnrýninn hátt með tilliti til áreiðanleika þeirra

Hafi haldgóða þekkingu á upplýsingaveitum á Netinu

Kunni að stofna netfang

Læri á Google docs

Kunni að búa til heimasíðu með aðstoð Google sites

Kennsluaðferðir

Kennslan fer fram í formi sýnikennslu, nemendur vinna svo einstaklingslega eða í hópum að lausn þeirra verkefna sem lögð eru fyrir.

Námsefni

Internetið til að afla upplýsinga. Heimir bók um heimildaskráningu. Gmail við stofnun netfangs, Google sites við gerða heimasíðu og Google docs.

Námsmat

Verkefni sem gilda til einkunnar eru um uppsetningu ritgerða og um heimildaskráningu. Nemendur setja einnig upp heimasíðu sem er metin til lokaeinkunnar. Að auki eru virkni og þátttaka metin.

Skólanámskrá lífsleikni 9.-10. bekkur

Haustönn 2011

Vorönn 2012

Markmið að nemandinn:

- Komist í tengsl við náttúruna og njóti útivistar.
- Þjálfist í skipulögðum vinnubrögðum.
- Efli tengsl sín við bekkjarfélagana.
- Fáir fræðslu í forvörnum í tengslum við vímuefni, kynlíf og ábyrga tölvunotkun.
- Styrki tengsl sín við nærsamfélagið.
- Efli skapandi hugsun.
- Læri hugtök tengd fjármálum og geti unnið með þau.
- Læri að beita líkamanum á heilbrigðan hátt.
- Styrki sjálfsmynd sína og hafi trú á eigin hæfileikum.
- Viti hvar veik- og styrkleikar sínir liggja.

Námsþættir

- Útivist
- Matargerð
- Forvarnir
- Samfélagið í kring
- Skyndihjálp
- Fjármálafræðsla
- Slökun
- Líkamsbeiting
- Námsækni
- Áhugasviðspróf
- Skapandi vinna við leikritagerð

Námsgögn

- Ertu?
- Huxarinn
- Fjármálafræðsla
- Ljósrit frá kennara
- IDEAS áhugagreining

Kennslutilhögun

Fyrirlestrar, umræður, kennsla frá nemendum og gestafyrirlesarar. Leikir og skapandi vinna.

Námsmat

Nemendur fá umsögn frá kennara í lok annar. Engin einkunn er gefin.

